

Nd.

423. Frumvarp til áfengislaga.

[12. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 402 með þessum breytingum:

12. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum, einu eða fleirum, leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

- a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki.
- b. Að veitingahúsið sé að dómi stjórnar Sambands gistihús- og veitingahúseigenda fyrsta flokks.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, sem í hlut á.

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a.—b.-liða 1. málsgr., að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn.

Vínveitingaleyfi skulu eigi veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar honum er veitt leyfið.

Ef áfengisútsala er lögð niður í kaupstað samkvæmt ákvæðum 10. gr., verður vínveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma þess loknum.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmann, einn eða fleiri, með öllum þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa, og skulu leyfishafar greiða laun eftirlitsmanns og allan kostnað af starfi hans eftir ákvörðun ráðherra. Eftirlitsmaðurinn skal gæta þess, að settum reglum sé í hvívetna fylgt um vínveitingar, og má stöðva þær, ef út af er brugðið, enda skal hann tafarlaust kæra öll brot, er hann verður áskynja um. Eftirlitsmaðurinn hefur heimild til aðgangs hvarvetna þar, sem vínveitingar fara fram samkvæmt þessari grein eða 20. gr. laga þessara.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, eftirlit á veitingastað og álagningu, skulu sett í reglugerð.

18. gr. hljóðar svo:

Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

28. gr. hljóðar svo:

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnubrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á á hverju skólastigi.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um fjölda kennslustunda í hverjum skóla.

49. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.